

# Foreldraráð Núps - Fundargerð

<b>Fundur nr.:</b>	3
<b>Staður:</b>	Núpalind 3
<b>Dagsetning:</b>	12. Janúar 2016
<b>Tími:</b>	16:00
<b>Fundarritari:</b>	Guðbjörg
<b>Mættir:</b>	Svana Kristinsdóttir, Guðbjörg Þorsteinsdóttir, Ingunn Högnadóttir, og Eva Pálsdóttir, Hildur Jónsdóttir, Brynja Dögg Hermannsdóttir
<b>Fjarverandi:</b>	Sara Theodórsdóttir
<b>Dagskrá:</b>	Ýmiss málefni leikskólans

Á fundi foreldraráðs var byrjað að ræða um starfsmannamál. Einn starfsmaður á Höfða lenti í alvarlegu bílslysi og verður fjarverandi næstu mánuði. Sindri lokar fyrir hana af til að byrja með en búið er að auglýsa eftir staðgengli. Að auki eru tveir starfsmenn að hætta, þær Unnur og Elín Rós. Nokkuð margar umsóknir eru komnar og verið er að vinna úr þeim.

Biðlisti er í leikskólanum eftir pláss fyrir kl. 8 og eftir kl. 16. Kvörtun kom frá foreldri um að fá ekki pláss. Ekki er hægt að verða við beiðnum foreldra um pláss vegna þess að ekki eru nægilega margir starfsmenn til að anna því. Alls eru sex foreldrar með barn á bið eftir aukaplássi. Áfram var rætt almennt um vistunartíma barna.

Leikskólanum barst tilkynning frá Kópavogsbæ um að fjárveiting væri komin í verkefni sem heitir „skemmtilegri leikskólalóðir“. Til stendur að gera upp garða í skólum og leikskólum. Í bréfinu kom fram að leikskólinn eigi að koma með tillögu eigi síður en 15.mars og greinagerðin eigi að vera gerð í samráði við foreldraráð. Rætt var um leikskóla og hvað væri góðar lóðir og hvað mætti nota í þetta verkefni. Svana mun setja saman hóp sem mun sinna þessu verkefni innan leikskólans og minntist hún á Bryndísi, Sigurlínu og Jónu sem væru þeir starfsmenn sem væru hvað mest hrifnir af útikennslu og útiveru. Stemmt verður að því að fara í vettvangsferðir og skoða aðra leikskóla til að fá hugmyndir. Svana minntist þó á að erfitt væri að skoða núna á þessum árstíma vegna snjósins

Í framhaldi af þessari umræðu var rætt um moltugerð. Svana sagði að það yrði ekki gert á Núp því að mörg barnanna væru hrædd við flugur og orma. Grænmetisgarðurinn sem er á lóðinni var vel nýttur og hefur lukkast vel. Svana hvatti meðlimi foreldraráðs til að leggja höfuðið í bleyti og koma með hugmyndir.

Einnig var foreldrakönnun rædd. Könnunin leiddi í ljós að meðal þeirra sem tóku þátt þá var almenn ánægja með fæði barnanna. Þó komu fram óskir um að taka allt hvítt hveiti úr matgerðinni. Búið er að breyta brauðgerð á þann veg að núna er einungis notað heilhveiti en ekki hvítt hveiti.

Svana sagði foreldraráði frá heilsueflandi vinnu sem er að byrja í leikskólanum og hefur verið kynnt fyrir starfsmönnum. Byrjað verður á viðverustefnu, markmiðið með henni er að draga úr fjarveru starfsmanna á jákvæðan hátt. Svana hefur sótt sér fræðslu um þessi mál hjá Kennaraháskólanum og víðar.

Rætt var um dagskipulagið í leikskólanum. Hugmyndir um það hvort hægt væri að bæta við rólegum tíma eftir hádegi. Svana benti á að börnin hafa bara ákveðna þolinmæði fyrir rólegum tíma. En reynt er að hafa hluta af börnum úti þegar annar hluti er inni. Við það minnkar hávaðinn í leikskólanum. Meðlimur foreldraráðs spurði úti í hávaðamengun og mælingar sem gerðar voru í fyrra. Jafnframt hvort hægt væri að setja tappa undir stóla til að dempa hávaðann sem af því kemur.

Í framhaldi af umræðu um dagskipulag ræddi Svana um kaffihlé starfsmanna. Í dag eru starfsmenn með 20 og 15 mínútna kaffihlé. Rætt hefur verið um það hvort að breyta ætti því og hafa bara eitt kaffi sem væri þá 35 mínútur. Skiptar skoðanir eru meðal starfsmanna um það. Næsti fundur verður haldin 1.mars 2016.

Fundi lauk kl. 17:00